

# KJARVAL

**ÓDÝRT**

**298** KR. STK.

Kjötþúðingur  
3 tegundir

**20% afsláttur**

**1798** KR. KG.

SS Rauðvinslegið  
Lambalæri

**586** KR. KG.

Goða súpukjöt frosið

**20% afsláttur**

**1169** KR. KG.

Naggallínan  
3 tegundir

**40% afsláttur**

**349** KR. PK.

Matfugl Kjúklinga

**30% afsláttur**

**349** KR. PK.

Gríms krakkaþfskur  
400g

**429** KR. PK.

GÍM Cheerios 397g

**198** KR. STK.

Pepsi 2l

**15% afsláttur**

**499** KR. PK.

Samtökuostur í  
sneiðum

**3** KR. KG.

**499** KR. PK.

Eurowash þvottaefni  
3kg

**50% afsláttur**

**299** KR. KG.

Íslenskt Spergilkál

**189** KR. STK.

Kaffikrús postulín

**2980** KR. PK.

Café latte sett fyrir 4

**-SJÁ OPNUNARTÍMA Á KJARVAL.IS -**

ÖLL VERÐ ERL BIRT MED FYRIRVARA UM PRENTVILLU OG/EDA MYNDBREY

# VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG [frettir@simnet.is](mailto:frettir@simnet.is)

**Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 10 á þriðjudagsmorgnum**

## Verð að nudda

Þriðjudaga og miðvikudaga  
á Hótel Laka í haust.

Tímapantanir í síma:  
**8663060**  
**Lilja**



## Sveitarstjórn Mýrdalshrepps

er boðuð til fundar fimmtu-  
daginn 17. september 2009 kl.  
16:00 á skrifstofu hreppsins,  
Austurvegi 17 í Vík.

Dagskrá fundarins má finna á  
auglýsingatöflu í anddyri skrif-  
stofunnar og á vef Mýrdalshrepps  
[www.vik.is](http://www.vik.is)

Sveitarstjóri



## Kirkjubæjarklaustur!

Kór Prestsbakkakirkju á Síðu.

Æfingar byrjaðar á þriðjudagskvöldum  
**kl. 20:30 í Kapellunni.**

Gott félagsstarf og mikið framundan.

Nýjir félagar velkomnir.  
Ítalíuferðin ekki langt undan!

Stjórnin

## Héraðsbókasafn V-Skaft.

Bókasafnið verður opið í vetur  
mánudaga og miðvikudaga  
**kl. 18-20 báða dagana.**

Lesefni við allra hæfi.

Bókavörður.



**37. TBL. 13. ÁRGANGUR FIMMTUDAGINN 17. SEPTEMBER 2009**

# Ljósangur í Skaftafellssýslu

**Tilboð á ljósabúnaði og vinnu við ljósavæðingu ökutækja, vinnuvéla og eftirvagna fyrir svartasta skamdegid.**

**Ljósabúnaður frá Bílasmiðnum á góðu verði.**

Hvort sem það eru sterkari ökuljós, afturljós eða bara góð vinnuljós þá höfum við lausnina.

**Leitið tilboða fyrir ykkar þarfir.**

Látum ljós okkar skína, til öryggis.

**Jeppar og allt ehf**  
**s: 844 5252**  
**jepparogallt@simnet.is**

**Tilboðið gildir til 15. október.**

## RÉTTARBALL Í TUNGUSELI

**Laugardagskvöldið 19. september.**

Hinir óviðjafnanlegu Hilmar og Villi munu halda uppi gríðarlegu fjöri og þvílíkri stemmingu langt fram á nótt.

Aðgangseyrir kr 2500 ekki er posi á staðnum þannig að allir þurfa að vera með beinharða bleðla til að öðlast aðgang að samkomunni.

*Mætið sem flest í fjörið sem hefst kl 23,00 að staðartíma.*

*Samantekt vikuna  
7. til 14. september 2009*

### LÖGREGLAN HVOLSVELLI

Vikan var mjög góð hjá okkur. Málum hefur fækkað, en 71 mál er bókað þessa vikuna hjá lögreglunni á Hvolsvelli. Þar af voru 24 sem óku of hratt. Einum erlendum ökumanni lá sérstaklega mikið á og ók á 159 km hraða við Stönd og var stöðvaður af lögreglunni. Reyndist öku- maður vera undir áhrifum áfengis, eftir að hafa gengist undir öndunarpróf. Öku- maður hlaut sviptingu ökuleyfis og sekt upp á alls um 200 þúsund krónur, sem hann greiddi strax.

Þeir sem komust næst því að aka svo hratt í vikunni voru á 145, 143 og 137 kílómetra hraða. Allir hlutu þeir háar sektir en svipting er fyrir að aka á 146 km hraða eða hraðar á 90 km vegi. Fjórir voru boðaðir í skoðun með bifreiðar sínar en þeir höfðu ekki mætt til skoðunar eða endurskoðunar.

Ökumaður á mótorkrosshjólí féll á því við Hrauneyjar og var fluttur með sjúkrabifreið af vettvangi. Hann mun ekki hafa slasast alvarlega. Bílvelta var á Þórsmerkurvegi og slapp það einnig vel og var fólkíð talið án meiðsla.

Mikil þoka var í vikunni og villtist einn leitarmanna í Fljótshlíðinni. Hann kom í leitirnar er verið var að ræsa út björgunarsveitina. Hann var heill á húfi.

Við erum þó ánægðir með þessa viku og þá sérstaklega með að engin alvarleg slys hafa orðið hjá okkur. Kær kveðja,

*Tekið saman af Guðmundi Inga  
Ingasyni, varðstjóra*

### Á DÖFINNI

**Sonja Rut Jónsdóttir** tannlæknir á heilsugæslunni á Klaustri 18.-21. septem- ber. 2009.

**Regnbogamarkaður** á planinu fyrir utan Leikskála, laugardaginn 3. okt frá kl. 11 - 13.

**Héraðsbókasafn** V-Skaft verður opið í vetur mánudaga og miðvikudaga kl. 18- 20 báða dagana.

**RÉTTARBALL Í TUNGUSELI** Laugardagskvöldið 19. september.

**Verkalýðsfélag** Suðurlands auglýsir almennan félagsfund í fundarsal Rangárþings ytra 2 hæð að Suður- landsvegi 1 Hellu. 17. september 2009 kl.21:00

**Hraðmót** Hótel Hófabrekku í körfu- bolta 19. september í íþróttahúsinu í Vík.

**Ströndin**, pizzur á föstudagskvöld

**Guðsþjónusta** verður í Víkurkirkju nk. sunnudag, 20. september 2009, kl. 14:00

**Námskeið** í vatnsleikfimi mánudaginn 21. september, stendur til 28. október. í sundlauginni á Kirkjubæjarklaustri

#### MÁLSHATTUR VIKUNNAR:

Svo verður hver að fljúga sem hann er fjaðraður.

#### Netverslunin - [www.fallegfot.com](http://www.fallegfot.com)

Mikið úrval að nýjum og ódýrum fötum, sendi um land allt.



## Verkalýðsfélag Suðurlands auglýsir

almennur félagsfundur verður haldinn  
í fundarsal Rangárpings-ytra 2 hæð að Suðurlandsvegi 1 Hellu.

**Fundartími: 17. september 2009 kl. 21:00**

1. Kosning fulltrúa á þing SGS 8.-9. október 2009
2. Kosning fulltrúa á ársfund ASÍ 22.-23. október 2009
3. Önnur mál

Stjórnin

## Hraðmót Hótels Höfðabrekku í körfubolta

*Laugardaginn 19. september fer fram hraðmót Hótels Höfðabrekku  
í íþróttahúsinu í Vík.*

Þátttökulið eru Þór Akureyri, Hrunamenn og Þór Þorlákshöfn.

**Kl: 13:00** Hrunamenn-Þór Akureyri

**Kl: 14:45** Þór Þorlákshöfn – Hrunamenn

**Kl: 16:30** Þór Akureyri – Þór Þorlákshöfn

Sést gæti til gamalla Drangsmanna í leikjunum og hefur Silfurrefurinn lofað  
miklum tilþrífum þegar hann mætir á gamla heimavöllinn

Aðgangur er ókeypis og allir áhugamenn um skemmtilegan körfubolta hvattir til  
að líta við.

**Ströndin**  
BISTRO & BAR

**Ströndin, pizzur  
á föstudagskvöld**

*Þar sem þetta eru síðustu dagar ísvélarinnar þá fá allir krakkar  
ís úr vél í eftirrétt.*

Sjáumst

## Félag um varðveislu sögu og minja í Skaftárhreppi

*Stofnfundur félags með það að markmiði að varðveita sögu og  
minjar í Skaftárhreppi verður haldinn á Hótel Laka í Efri-Vík  
mánudaginn 21. september n.k. kl. 20.*



Hvatinn – og um leið hugmyndin að fyrsta verkefni félagsins – er að varðveita  
gamla verslunarhúsið við Skaftárós, hin síðari ár neyðarskýli, sem nú hefur  
lokið hlutverki sínu sem slíkt, og gera sögu staðarins; menningar-,  
verslunar- og björgunarsögu, sýnilega.

Í framtíðinni geta fleiri verkefni á svipuðum nótum vel komið til.

Tvær tillögur að nafni á félagið hafa borist; annars vegar “Fótsporið” og hins  
vegar “Sporið”. Óskað er eftir fleiri hugmyndum, en nafnið verður ákveðið á  
stofnfundinum.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum má hafa samband við  
Ragnar Jónsson á Dalshöfða í síma 893-4781

Allir áhugasamir eru hjartanlega velkomnir!

Undirbúningsnefndin

## Styrkir til nýsköpunarverkefna tengdum matvælum á Suðurlandi

Vaxtarsamningur Suðurlands og Vestmannaeyja auglýsir eftir umsóknum um styrk til sérstakra nýsköpunarverkefna í matvælaíðnaði á Suðurlandi. Óskað er eftir umsóknum frá klösum eða/og samstarfsverkefnum sem tengjast nýsköpun með skýrri verðmætasköpun í matvælaíðnaði. (frumöflun, framleiðsla, framreiðsla og sala) Gerð er krafa til þess að verkefnin styðji atvinnulíf og samfélag á Suðurlandi.

Í boði eru 15 milljónir. Mótframlag verkefnisins þarf að vera 50% hið minnsta og hámarksstyrkur er 3 milljónir. Stytti verkefni þar sem fyrirtæki, rannsóknar – þróunar og háskólastofnanir vinna saman njóta alla jafna forgangs. Að auki verður horft til þess að verkefnin skili ábata og störfum út í samfélagið á verkefnatímanum.

Í umsókninni á að koma fram lýsing á verkefninu, skýr útlistun á nýnæmi hugmyndarinnar og ætluðum ávinningi ásamt kostnaðar- fjármögnunar- og tímaáætlun. Ekki er veittur styrkur til fjárfestinga.

Rafræn umsóknareyðublöð og úthlutunarreglur má finna á vef Vaxtarsamnings Suðurlands og Vestmannaeyja [www.vssv.is](http://www.vssv.is).

**Umsóknafrestur er til og með 11. október 2009**

Upplýsingar veitta Hrafn og Steingerður  
hjá Atvinnuþróunarfélagi Suðurlands [www.sudur.is](http://www.sudur.is)

í síma **4812961** og **4808210**




**VSSV**

VAXTASAMNINGUR  
SUÐURLANDS OG VESTMANNAEYJA

## Regnboginn

"List í fögru umhverfi"



Helgina 2. - 4. okt. verður haldin menningarveisla í Vík þriðja árið í röð. Með menningarveislunni viljum við koma á fót fjölbreyttri menningardagskrá sem íbúum og gestum er boðið að upplifa og njóta.

Nú stendur undirbúningur Regnbogans sem hæst. Við viljum því hvetja alla íbúa sem vilja koma að dagskránni á einhvern hátt að hafa samband við undirbúningsnefnd.

Í tilefni af hátíðinni langar okkur líka að hvetja íbúa og fyrirtæki Mýrdalshrepps til að lífga upp á umhverfið þessa daga og skreyta bæinn í regnbogalítum. Við hugsum okkur að skipta bænum í fjögur til fimm hverfi og fær hvert hverfi sinn lit. Við látum ykkur vita um skiptinguna þegar nær dregur. Gaman væri að sem flestir dragi íslenska fánann að húni þessa helgi.

Tökum öll þátt í Regnboganum!

*"Þar sem kærleikur og snilli taka höndum saman getur þú vænst meistaraverks"* (höf. ókunnur)

Undirbúningsnefndin



## Víkurkirkja

Guðsþjónusta verður í Víkurkirkju  
nk. sunnudag, 20. september 2009, kl. 14:00.

Samkór Mýrdælinga syngur undir stjórn Kára Gestssonar organista.

Fjölmennum til kirkju.

Væntanleg fermingarbörn og foreldrar sérstaklega hvött til að mæta.

Sóknarprestur.

## ÞÁ HLÓ MARBENDILL

Mér er í minni stundin,  
þá marbendill hló;  
blíð var baugahrundin,  
(er bóndinn kom af sjó);  
kyssti hún laufalundinn,  
lymskan undir bjó;  
sinn saklausan hundinn  
sverðabaldur sló.

Á Suðurnesjum er bæjaþorp nokkurt, sem heitir í Vogum, en raunar heitir þorpið Kvíguvogar, og svo er það nefnt í Landnámu. Snemma bjó bóndi einn í Vogum, er sótti mjög sjó, enda er þar enn í dag eitthvert besta útræði á Suðurlandi. Einhvern dag reri bóndi sem oftar, og er ekki í það sinn neitt sérlega að segja af fiskifangi hans. En frá því er sagt, að hann komi í drátt þungan, og er hann hafði dregið hann undir borð, sá hann þar mannslíki og innbyrti það. Það fann bóndi, að maður þessi var með lífi, og spurði hann, hvernig á honum stæði; en hann kvaðst vera marbendill af sjávarbotni. Bóndi spurði, hvað hann hefði verið að gjöra, þegar hann hefði ágoggast. Marbendill svaraði: "Ég var að laga andskjólín fyrir eldhússtrompnum hennar móður minnar. En hleyptu mér nú niður aftur." Bóndi kvað þess engan kost að sinni, "og skaltu með mér vera." Ekki töluðust þeir fleira við, enda varðist marbendill viðtals. Þegar bónda þótti tími til, fór hann í land og hafði marbendil með sér, og segir ekki af ferðum þeirra, fyrr en bóndi hafði búið um skip sitt, að hundur hans kom í móti honum og flaðraði upp á hann. Bóndi brást illa við því og sló hundinn. Þá hló marbendill hið fyrsta sinn. Hélt bóndi þá áfram lengra og upp á túnið og hrasaði þar um þúfu eina og blótaði henni; þá hló marbendill í annað sinn. Bóndi hélt svo heim að bænum; kom þá kona hans út í móti honum og fagnaði bónda blíðlega, og tók bóndinn vel blíðskap hennar. Þá hló marbendill hið þriðja sinn. Bóndi sagði þá við Marbendil: "Nú hefur þú hlegið þrisvar sinnum, og er mér forvitni á að vita, af hverju þú hlóst." "Ekki gjöri ég þess nokkurn kost," sagði marbendill, "nema þú lofir að flytja mig aftur á sama mið, er þú dróst mig á." Bóndi hét honum því. Marbendill sagði: "Þá hló ég fyrst, er þú slóst hund þinn, er kom og fagnaði þér af einlægni.

En þó hló ég hið annað sinn, er þú hrasaðir um þúfuna og bölvaðir henni, því þúfa sú er féþúfa full af gullpeningum. Og enn hló ég hið þriðja sinn, er þú tókst blíðlega fagurgala konu þinnar, því hún er þér fláráð og ótrú; muntu nú efna öll orð þín við mig og flytja mig á mið það, er þú dróst mig á." Bóndi mælti: "Tvo af þeim hlutum, er þú sagðir mér, má ég að vísu ekki reyna að sinni, hvort sannir eru, tryggð hundsins og trúleik konu minnar; en gjöra skal ég raun á sannsögli þinni, hvort fé er fólgið í þúfunni, og ef svo reynist, er meiri von, að hitt sé satt hvort tveggja, enda mun ég þá efna loford mitt."

Bóndi fór síðan til og gróf upp þúfuna og fann þar fé mikið, eins og marbendill hafði sagt. Að því búnu setti hann skip til sjávar og flutti marbendil á sama mið, sem hann hafði dregið hann á; en áður en bóndi léti hann fyrir borð síga, mælti marbendill: "Vel hefur þú nú gjört, bóndi, er þú skilar mér móður minni heim aftur, og skal ég að vísu endurgjalda það, ef þú kannt til að gæta og nota þér. Vertu nú heill og sæll bóndi." Síðan lét bóndi hann niður síga, og er marbendill nú úr sögunni.

Það bar til litlu eftir þetta, að bónda var sagt, að sjö kýr sægráar að lit væru komnar þar í túnjadarinn við fjöruna. Bóndi brá við skjótt og þreif spýtukorn í hönd sér, gekk svo þangað, sem kýrnar voru; en þær rásuðu mjög og voru óværar. Eftir því tók hann, að þær höfðu allar blöðrur fyrir grönnum. Það þóttist hann og skilja, að hann mundi af kúnum missa, nema hann fengi sprengt blöðrur þessar. Slær hann þá með kefli því, er hann hafði í hendi sér, framan á granirnar á einni kúnni og gat náð henni síðan. En hinna missti hann, og stukku þær þegar í sjóinn. Þóttist hann þá skilja, að kýr þessar hefði marbendill sent sér í þakkar skyni fyrir lausn sína. Þessi kýr hefur verið hinn mesti dánumannsgripur, sem á Ísland hefur komið; æxlaðist af henni mikið kúakyn, sem víða hefur dreifst um land og er allt grátt að lit og kallað sækúakyn. En það er frá bónda að segja, að hann varð mesti auðnumaður alla ævi. Hann lengdi og nafn byggðar sinnar og kallaði af kúm þessum, er á land hans gengu, Kvíguvoga, er áður voru kallaðir Vogar.

*Úr Þjóðsögum*



## Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

verður með viðtalstíma á eftirtöldum stöðum nú á næstunni.

Sveitarfélag	staður	dagsetning	tími
Mýrdalshreppur	Austurvegi 17	21. september	10.00 - 12.00
Skaftárhreppur	Klausturvegi 15	21. september	13.00 - 15.00

Markmið Atvinnuþróunarfélags Suðurlands er að efla og örva atvinnulíf á Suðurlandi og stuðla þannig að aukinni hagsæld, með ráðgjöf og styrkjum til einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka, sveitarfélaga og annarra hagsmunaaðila. Hægt er að panta tíma í síma 480 8210.

Við hvetjum alla þá sem áhuga hafa að koma og hitta okkur!

Starfsfólk Atvinnuþróunarfélags Suðurlands

## Vatnsleikfimi í sundlauginni


### á Kirkjubæjarklaustri

Námskeið í vatnsleikfimi hefst mánudaginn 21. september og stendur til 28. október.

Þetta eru æfingar sem henta fólki á öllum aldri, konum og körlum.

Tímarnir verða á mánudögum og miðvikudögum kl. 17:15-18:00.

Þátttökugjald er kr. 3000 + sundgjald.  
Leiðbeinandi verður Ása Þorsteinsdóttir.



## Umferðarráð vekur athygli á öryggi grunnskólabarna

Á fundi Umferðarráðs 10. september 2009 var eftirfarandi ályktun samþykkt:

„Starfsemi grunnskóla er nú komin í fullan gang með tilheyrandi umferð. Sjaldan hafa fleiri börn hafið grunnskólanám hér á landi og því er mikil ástæða til að beina athygli að öryggi þeirra og umhverfi.

Foreldrar og forráðamenn þurfa að undirbúa börnin, leiðbeina þeim og velja öruggustu leiðina í skólann. Ökumenn þurfa að vera sérlega vel á verði og minnt er á að víðast hvar er hámarkshraði við grunnskóla 30 km/klst.

Á undanförunum árum hafa foreldrar verið hvattir til að láta börn sín fara gangandi í skólann, þar sem víða eru aðstæður til að hleypa börnum út úr bíl takmarkaðar og geta hugsanlega skapað hættu. Umferð bíla foreldra skapar oft á tíðum mestu hættuna við skólana.

Senn líður að því að skyggja taki og þess vegna er eðlilegt að minna enn og aftur á mikilvægi endurskinsmerkja til öryggis fyrir gangandi fólk, jafnt börn sem fullorðna.“

Umferðarráð er skipað 22 fulltrúum, sem tilnefndir eru af ýmsum aðilum í þjóðfélaginu, sem láta sig umferð og umferðaröryggi varða. Það var stofnað í janúar 1969, en stofnunin Umferðarráð var sameinuð Skráningarstofnunni hf. í Umferðarstofu, 1. október árið 2002. Ráðið starfar enn og heldur fundi nokkrum sinnum á ári og fjallar um það sem er efst á baugi í umferðarmálum á hverjum tíma.

### Aloe Vera sprej

Skyndihjálpsprej sem er án allra aukaefna svo sem rotvarnar, lita og ilmefta en sprejið hefur samt mjög gott geymsluþol. Sprejið inniheldur Aloa vera Barbadosis ásamt fleiri græðandi jurtum td. Propolis, Lakkrísrot, Morgunfrú, Piparmyntu og Vallhumal.

Þetta sprej er ætlað á erting og kláða í húð, minniháttar bruna, sár, rispur og skordýrabít.

Það er einnig gott við meðhöndlun á dýrum þar sem það er auðvelt í notkun og gengur fljótt inn í húð, hársvörð og önnur svæði sem erfitt getur verið að bera á krem eða gel.


**VOLARE.IS**



### VÍSA VIKUNNAR

Barnið kenndi barni barn barnaskap má kalla að halda að barnið, barni barn barnið barnar valla.

“Ef ég man rétt er vísan eftir einn skólabróður minn í Skógaskóla 1951-52. Ef eitthvert skólasystkina minna úr Skógaskóla þennan vetur man þetta, láttu mig vita, þá mun ég greina frá hver höfundurinn er, þ.e. ef þetta er rétt munað hjá mér. EÓ”



Þann 5. sept. sl. gaf sr. Haraldur M. Kristjánsson saman í hjónaband í Víkurkirkju, Unnu Björgu Ögmundsdóttur (frá Vík) og Sigurð Fannar Sigurjónsson (frá Selfossi)

Með þeim á myndinni eru dætur þeirra, Katrín Birna 6 ára og Bryndís Hekla 2ja ára. Fjölskyldan er búsett á Selfossi.

## Bifreiðaskoðun

Eins og fram hefur komið í fjölmiðlum, verður nú í fyrsta sinn beitt sektar-ákvæðum ef menn mæta ekki á réttum tíma með bifreiðar sínar í skoðun. T.d. bifreiðar sem eru með tölustafinn 7 í endastaf eiga að mæta í júlí, en fá 2 mán. í umþóttun, þ.e. þeir þurfa að mæta fyrir fyrsta október.

Það er sýslumannsembættið í Bolungarvík, sem sér um að senda út sektarmiða, kr. 15 þús. takk fyrir ef tölvan hjá embættinu gefur til kynna að viðkomandi bíll er ekki skoðaður á réttum tíma.

Hægt er að sækja um frest til Sýslumannsins í Bolungarvík (sími 456 1200).

### Skoðunarstöðin er væntanleg

Að sögn Jóns Hermannssonar, skoðunarmanns hjá Frumherja, verða þeir um mánaðarmótin okt-nóv hér um slóðir.

Að sögn hans er mjög þægilegt að fá skoðað hjá honum á Hlíðarvegi 18 á Hvolsvelli, þar sem skoðað er inni í upphituðu húsnæði.

Síminn hjá Jóni er 570 9211 ef menn vilja panta sér tíma.

Hann verður í Stöðinni þessa viku og næstu en fer síðan á Höfn. E.